

báta, sem veita aðstoð við björgun, um borgunina, þá verða þau ákvæði ekki til fyrirstöðu skuldbindingum þeirra, samkv. lögum Bataabyrgðarfélagsins og er 15. gr. því skuldbindandi fyrir þá. En það virðast stefnendur véfengja.

Samkvæmt þessu verður að fallast á það, að stjórn Bataabyrgðarfélags Vestmannaeyja eigi að ákveða borgun fyrir hjálp þá, er báturinn Brimill veitti umrætt sinn, og þar eð sú ákvörðun ekki liggur fyrir í málinu, verður þegar af þeirri ástæðu, að taka sýknukröfu stefnda til greina.

Stefnendur hafa mótmælt því, að stefndu, sem ekki mættu sjálfir við sáttaumleitun í málinu, hafi haft lögleg forföll. Umboðsmaður stefndu staðhæfir hinsvegar, að svo hafi verið og hefir lagt fram, því til stuðnings, innleggsnótur, sem sýna að báturinn Halkion hafi verið á sjó þann dag. En gegn mótmælum stefnenda verður þetta ekki talin lögfull sönnun, þegar af þeirri ástæðu, að það er ósannað mál (og enda ekki líklegt að því, er kemur til konu þeirrar sem stefnt er), að stefndu hafi sjálfir verið á sjó þennan dag, enda þótt bátur þeirra væri á sjó. Það verður því að taka til greina kröfur stefnenda til málskostnaðargreiðslu og ákveðst hún, eftir atvikum, kr. 200.

---

Föstudaginn 15. júní 1934.

Nr. 30/1934. **Eggert Claessen, f. h. Vilhjálms og Skúla Skúlasona, vegna dánarbús Ragnildar Sigurðardóttur**

(Eggert Claessen)

gegn

**bæjargjaldkera Ísafjarðar, f. h. bæjarsjóðs** (Stefán Jóh. Stefánsson).

Útsvarsmál.

*Úrskurður fúgetaréttar Ísafjarðar 25. sept. 1933: Hin umbeðna lögtaksbeiðni á fram að fara.*

### Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi krefst þess, að hinn áfrýjaði fógetaúrskurður verði felldur úr gildi og að stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir hæstarétti. Stefndi krefst þar á móti staðfestingar á úrskurðinum og málskostnaðar fyrir hæstarétti.

Útvar það er í hinum áfrýjaða úrskurði greinir, var lagt á í marz mánuði 1932, og hefir þá annar helmingur þess kr. 600.00, fallið í gjalddaga 1. apríl 1932, en hinn helmingurinn 1. sept. s. á. Að því er séð verður, hefir tögtaks verið krafizt á útsvarinu í heild fyrir 3. febr. 1933, og var málið þá tekið til úrskurðar. En úrskurður var þó eigi kveðinn upp samkvæmt þeirri ályktun fógetaréttarins. 24. ágúst s. á. er lögð fram lögtaksbeiðni í fógetaréttinum og eftir sókn og vörn málsins þar var hinn áfrýjaði úrskurður svo kveðinn upp 25. sept. s. á. Áfrýjandi telur lögtaksheimildina fyrir fyrra helmingi útsvarsins hafa verið fyrnda 24. ágúst 1933, með því að meira en ár hafi verið liðið frá fyrra gjalddaganum og lögtaksmálinu, er tekið var til úrskurðar 3. febr. 1933, hafi eigi orðið lokið. En á þetta verður ekki fallizt, því að fógeti vottar það í fógetaréttarbókun 25. sept. s. á., að báðir aðiljar hafi óskað að skýra málið frekar en gert hafði verið áður en það var tekið til úrskurðar 3. febr. s. á., og að málið hafi því verið tekið upp aftur. Hefur lögtaksbeiðandi því eigi glatað lögtaksrétti sínum, þótt liðið væri meira en ár frá gjalddaga fyrri helmings útsvarsins 24. ágúst 1933.

Það er ágreiningslaust, að dánarbú Ragnildar Sigurðardóttur, sem lézt 19. ágúst 1930, og synir hennar, bræðurnir Vilhjálmur og Skúli Skúlasynir, erfðu einir, hafi rekið verzlun og átt eignir á

Ísafirði allt árið 1931, og að þeir bræður hafi tekið við búinu með fullri ábyrgð skulda þess og skuldbindinga. Bú þetta var útsvarsskylt samkvæmt 6. gr. A. IV. laga nr. 46/1926 af eignum og tekjum fyrir útsvarsárið 1931, sbr. áðurnefnd lög nr. 46/1926 1., 4. gr. 2. tölulið og 6. gr. 1. i. málsg., og er útsvarið því réttilega lagt á eignir búsins og tekjur 1931 í marz 1932. Samkvæmt því er áður segir er útsvarið og réttilega heimt af áðurnefndum bræðrum, sem án tilhlutunar skiptaréttarins tóku við búinu til eignar sem einkaerfingjar. Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn áfrýjaða fógetaúrskurð eftir kröfu stefnda.

Eftir þessum málsúrslitum þykir rétt að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 300 kr. í málskostnað fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði fógetaréttarúrskurður á að vera óraskaður. Áfrýjandi, Eggert Claessen, f. h. Vilhjálms og Skúla Skúlasona vegna dánarbús Ragnhildar Sigurðardóttur, greiði stefnda, bæjargjaldkera Ísafjarðar, f. h. bæjarsjóðs, 300 kr. í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Bæjarstjórinn á Ísafirði hefir, f. h. bæjarsjóðs, beiðst lögtaks hjá Vilhjálmi og Skúla Skúlasonum á útsvari, sem jafnað var niður á dánarbú Ragnhildar Sigurðardóttur árið 1932, að upphæð kr. 1200.00.

Gerðarþolar neita að greiða útsvarið fyrir þá sök, að á þeim tíma sem lagt var á dánarbúið, hafi það verið úr

sögunni, þar sem skiptum í því hafi verið lokið á árinu 1931. Enn hafa þeir haldið því fram, að í framtölum sínum hvors um sig 1932, hafi þeir tekið með sinn hluta úr dánarbúinu. Og virðist svo sem þeir telji, að búið sé að leggja útsvar á þeirra hluta í dánarbúinu með þeim útsvörum er þeir hafa fengið.

Að því er siðara atriðið snertir, þá er því harðlega mót-mælt af hálfu gerðarbeiðanda, og verður því ekki tekið til greina, þar sem gerðarþolar hafa ekki einu sinni fært sönnur á, að þeir hafi tekið sinn hluta í dánarbúinu hvor um sig með í framtölunum.

En að því er fyrra atriðið snertir, hefir gerðarbeiðandi haldið því fram, að þar sem gerðarþolar hafi eigi tilkynnt til firmaregistursins eignaskiptin og niðurjöfnunarnefndin því eigi vitað um þau, verði niðurjöfnunarnefndinni eigi gefin sök á því, að hún hafi jafnað útsvarinu niður á dánarbúið.

En gegn þessu virðist umboðsmaður gerðarþola halda því fram, að eigi hafi verið skylt að tilkynna á sínum tíma verzlun dánarbúsins til firmaregistursins, enda hafi hún eigi verið tilkynnt, og þá hafi heldur eigi verið hægt að krefjast þess að eignaskiftin væru tilkynnt.

Það er nú skjállega sannað að búskiptunum var lokið á árinu 1931. Að því er snertir tilkynninguna til firmaregistursins og þær afleiðingar, sem þar af kunna að verða dregnar, þykir eigi ástæða til að fara inn á þær, þar sem þær virðast eigi hafa þýðingu í þessu máli, en þungamiðjuna í málinu verður að áliti réttarins að leggja á það, að þrátt fyrir þó skiptum væri lokið í dánarbúinu og dánarbúið sem slíkt væri hætt að vera til, þá eru hinsvegar eignir þær til, sem niðurjöfnunarnefndin jafnaði útsvarinu niður á, og raunverulega hafi þær eigi breytt um eigendur, því á meðan dánarbúið var óskipt áttu gjaldþolar það raunverulega, þar sem þeir voru einustu erfingjar að öllum eignum dánarbúsins, og auk þess voru eignir dánarbúsins að því er virðist þar á meðal verzlunin rekin á sama hátt af gjaldþolum í félagi áður en skiptum í dánarbúinu var lokið og eftir að þeim var lokið. Það þyrfti og sérstakar ástæður að vera fyrir hendi til þess að jafn miklar eignir og hér er um að ræða væru leystar undan því að útsvar væri lagt á þær, og þar sem líta

verður svo á að það breyti í sjálfu sér ekki um útsvars-  
upphæðina hvort lagt væri í tvennu lagi á eignir gjald-  
þola, á eignir þeirra í dánarbúinu sér og á aðrar eignir  
sér, eða lagt væri á alt í einu lagi, þá þykir rétt að heimila  
að lögtakið nái fram að ganga.

---

Föstudaginn 15. júní 1934.

Nr. 76/1934. **Valdstjórnin** (Lárus Fjeldsted)

gegn

**Ágúst Jóhannessyni**

(Bjarni P. Johnson).

Ítrekuð bruggun.

*Dómur lögregluréttar Gullbringu- og Kjósarsýslu 27. febr. 1934:* Kærður, Ágúst Jóhannesson, bóndi í Flekkuvík vestri í Vatnsleysustrandarhreppi, sæti 40 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, og greiði 2000 kr. sekt til ríkissjóðs, er afplánist með 68 daga fangelsi, ef sektin eigi fæst greidd innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa. Kærður greiði og allan kostnað við málið, leiddan og leiðandi.

Áhöld þau, er notuð hafa verið við bruggun áfengisins, eru upptæk gjör og eyðileggist, en áfenginu hefir verið helt niður.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur hæstaréttar.**

Brot kærða er í hinum áfrýjaða lögregluréttar-  
dómi réttilega heimfært undir 6. og 30. gr. laga  
nr. 64, 19. maí 1930, og ákveðst refsing kærða 30  
daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 1500  
kr. sekt til ríkisstjóðs, og komi einfalt fangelsi í  
55 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd  
innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa